

Fræðslu- og æskulýðsráð

Stjórnskipuleg staða

Fræðslu- og æskulýðsráð heyrir beint undir bærarstjórn. Starfsmaður fjölskyldusviðs Vesturbyggðar starfar með ráðinu.

Ráðið fer með verkefni málaflokka 04 Fræðslu- og uppeldismál og 06 Æskulýðs- og íþróttamál. Helstu stofnanir á verksviði ráðsins eru: grunnskóli, leikskólar, tónlistarskóli, framhaldsskóli, íþróttamiðstöðvar (íþróttahús og sundlaugar), leikvelli, félagsmiðstöðvar og íþróttavelli. Íþrótt- og tómstundarfulltrúi starfar með ráðinu vegna verkefna málaflokks 06 Æskulýðs- og íþróttamál.

Skipan ráðsins

Í ráðinu eiga sæti fimm fulltrúar, sem bærarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, laga um grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, framhaldsskóla og æskulýðslaga og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Skólastjórar leik- og grunnskóla, fulltrúar grunnskólakennara, fulltrúar starfsfólks á leikskólum og fulltrúi foreldrafélaga skólanna eiga rétt á að sitja fundi ráðsins undir verkefnum málaflokks 04 Fræðslu- og uppeldismál og eru með málfrelsi og tillögurétti. Auk kjörinna fulltrúa bærarstjórnar á bærarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Fræðslu- og æskulýðsráð kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi sínum nema bærarstjórn ákveði annað.

Hlutverk

Hlutverk fræðslu- og æskulýðsráðs er:

- að vera bærarstjórn til ráðgjafar í fræðslumálum, íþrótt-, æskulýðs-, tómstunda- og forvarnarmálum,
- að gera tillögur til bærarstjórnar um markmið í fræðslu-, íþrótt-, æskulýðs-, tómstunda-, og forvarnarmálum,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bærarstjórnar í ofangreindum málaflokkum nái fram að ganga,
- að vera umsagnaraðili um ráðningar skólastjóra, forstöðumanna stofnana og annarra starfsmanna þeirra stofnana sem undir ráðið heyrir,
- að leitast við að hafa gott og náið samstarf við þau frjálsu félagasamtök, sem í sveitarfélaginu eru og starfa á málavíði ráðsins, með það að leiðarljósi að efla starf félagasamtaka í sveitarfélaginu,
- að sjá um að öll skólaskyld börn í Vesturbyggð njóti lögboðinnar fræðslu,
- að starfa með skólastjórnendum og gera tillögur um úrbætur í skólastarfi og aðbúnaði til skólalags eftir atvikum,
- að starfa með forstöðumönnum stofnana á málavíði ráðsins og gera tillögur um úrbætur í starfi þeirra.

Fræðslu- og æskulýðsráð gerir tillögur í samráði við skólastjórnendur til bærarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þeirra stofnana, sem tilheyra verksviði ráðsins og heyra til málaflokkasviðs hennar almennt. Ráðið skal hafa faglega umsjón með þeim stofnunum sem á verksviði hennar eru og hafa eftirlit með því að stofnanirnar starfi innan ramma laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Starfshættir

Um starfshætti ráða er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn Vesturbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Fræðslu- og æskulýðsráð

Fræðslu- og æskulýðsráð kemur saman fyrir luktum dyrum. Ráðinu er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki og skal það gert í samræmi við 2. mgr. 38. gr. samþykktu um stjórn Vesturbyggðar. Ráðið gerir samþykkt um reglulegan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við bærarstjóra.

Ráðið skal halda gerðabók og rita fundargerð samkvæmt II. lið 16. gr. um fundarsköp og ritun fundargerða samþykktu um stjórn Vesturbyggðar. Fundarritari hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar, birtir hana á heimasíðu sveitarfélagsins í lok fundar og kemur fundargerðinni til bæjarskrifstofu. Ritari bærarstjórnar leggur fundargerðina fram með dagskrá næsta bærarstjórnarfundar.

Formaður fræðslu- og æskulýðsráðs sér um boðun funda í samráði við bærarstjóra eða hann felur starfsmanni ráðsins fundarboðun, eftir atvikum. Fundur í fræðslu- og æskulýðsráði er er boðaður með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund sky. III. kafla samþykktar um stjórn Vesturbyggðar og skulu fundargögn birt með rafrænum hætti á lokaðri fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður fræðslu- og æskulýðsráðs stýrir fundum ráðsins samkvæmt 39. gr. samþykktu um stjórn Vesturbyggðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni

Formaður fræðslu- og æskulýðsráðs og aðrir fulltrúar í ráðinu skulu snúa sér til bærarstjóra og/eða fjölskyldusviðs með eftirfylgni staðfesta samþykktu ráðsins.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í fræðslu- og æskulýðsráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar, eftir atvikum.

Fulltrúa í ráðinu er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns ráðsins a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í fræðslu- og æskulýðsráði en eru ekki bundnir að öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Vesturbyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni í ráðinu.

Fundarmenn eru bundir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir fræðslu- og æskulýðsráð og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls og lögum hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þótt nefndarmenn láti af störfum.

Fulltrúi í ráðinu skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varðar hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal fræðslu- og æskulýðsráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið þess heyrir, sérstaklega þó lögum um grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, framhaldsskóla og æskulýðslaga. Þá skal ráðið fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn Vesturbyggðar eins og hún er hverju sinni.

Fræðslu- og æskulýðsráð